

2. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar Haldinn þann 23. september í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Eyþór Einarsson boðaði forföll.

Margeir Friðriksson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu Sveitarfélagsins Skagafjarðar var gestur fundarins.

Hrefna setti fundinn kl. 8.30.

1. Verkhættir og tímalína verkefnis

Framhald frá síðasta fundi.

RR fór yfir uppfærða tímalínu og rætt var um hvaða málaflokkar verði til umræðu í samstarfsnefnd og í hvaða röð.

2. Kostnaðaráætlun og umsókn til Jöfnunarsjóðs

RR kynnti drög að kostnaðaráætlun og bréfi til Jöfnunarsjóðs. Drögin voru samþykkt og Hrefnu falið að senda bréfið á Jöfnunarsjóð.

3. Kynningarmál

Gunnar og Freyja kynntu stöðu vinnu við vefsíðu verkefnisins. Nefndarfólk fær lesaðgang að síðunni í dag, en gert er ráð fyrir að síðan verði birt á mánudaginn 27. september.

4. Fjármál og stjórnsýsla

Farið var yfir stöðu fjármála og stjórnsýslu í hvoru sveitarfélagi fyrir sig og rætt um hvaða breytingar eru líklegar ef til sameiningar kemur. RR kynnti stjórnskipulag Norðurþings og Múlaþings, auk fyrirkomulags við heimastjórnir í Múlaþingi.

Umræða um mismunandi leiðir til að stuðla að þátttöku íbúa í nefndarstarfi og með beinni þátttöku í einstaka ákvörðunum.

Umræðu frestað og verður framhaldið á fundi nefndarinnar í þarnaestu viku.

5. Næsti fundur samstarfsnefndar

Á næsta fundi verður umfjöllun um félags- og fræðsluþjónustu. Ákveðið að sá fundur fari fram á Zoom milli kl. 7.30 og 9 þann 30. september.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:00.